

Uppbygging á skólahúsnæði í Garðabæ, Álftanes

MINNISBLAÐ

Almennt

Íbúafjöldi í Garðabæ er um 19.550. Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu í Garðabæ næstu árin, þar sem ný hverfi eru að rísa, gatnagerð að verða lokið og byggingarréttur lóða í úthlutunar og sölufarli. Uppbygging í Urriðaholti er á lokametrunum og þar er verið að taka 2. áfanga Urriðaholtsskóla í notkun á fyrstu mánuðum 2024 og boðinn verður út 3. áfangi skólans, en þar verður íþróttarhús og sundlaug.

Þau svæði sem eru í uppbyggingu eru á Álftanesi, í Vetrarmýri og á Hnoðraholti. Samhliða uppbyggingu í nýjum hverfum þarf að áætla og greina þörf fyrir innviði eins og skóla og leikskóla..

Álftanes

Íbúafjöldi á Álftanesi er um 2.530 og aldurssamsetning er

- 0-1 árs - 35 (1,4%)
- 1-5 ára (leikskóli) - 146 (5,8%)
- 6-15 ára (grunnskóli) - 382 (15,1%) - þar af eru 354 í Álftanesskóla
- 16-29 ára - 494 (19,5%)
- 30-69 ára - 1253 (49,5%)
- 70+ - 202 (8%)

Fyrsta áfanga framkvæmda við gatnagerð á nýjum svæðum á Álftanesi er þegar lokið. Hafnar eru framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsa á svæðunum og má gera ráð fyrir að svæðin veðri fullbyggð innan fimm ára. Um er að ræða byggingu 400 íbúða sem skiptist eftirfarandi:

- | | |
|----------------|-------------------|
| • Breiðumýri | 252 íbúðir |
| • Kumlamýri | 26 íbúðir |
| • Víðiholt | 70 íbúðir |
| • Krókur | 52 íbúðir |
| Samtals | 400 íbúðir |

Við gerð skipulagsins var gert ráð fyrir meðalfjölda íbúa í íbúð væri 2,7 og er því áætluð fjölgun íbúa um 1.050- 1.100 á Álftanesi. Heildarfjöldi íbúa verður þá um 3600. Ef áætlað er að íbúasamsetning verði sambærileg og hún er í dag eða 5,8 % af þeim íbúum verði leikskólabörn og 15,8% á grunnskólaaldri má miða við neðan greindar fjölgun á nemendum. Hins vegar er líklegt að samsetning nýbúa á Álftanesi verði frekar sambærileg og í Urriðaholti, það er að frekar ungt barnafólk flytji á svæðið en þar er 10% íbúa börn á leikskólaaldri og 19% íbúa börn á grunnskólaaldri og er það hámarks spá. Líklegt er þó að jafnvægi náist og að þá verði samsetning íbúa með sambærilegum hætti og hún er í dag.

Heildarfjöldi barna í leik og grunnskóla eftir 5 ár eða eftir að uppbygging á framangreindum hverfum líkur:

- 1-5 ára (leikskóli) 209 börn (háspá 254)
- 6-16 ára (grunnskóli) 570 börn (háspá 604)

Núverandi húsnæði tekur

- 1-5 ára (leikskóli) 200 börn
- 6-16 ára (grunnskóli) 450 börn

Huga þarf að stækkun á núverandi húsnæði leik- og grunnskóla til að mæta fjölgun nemenda á næstu árum vegna fjölgunar íbúa.

Áætlun um fjölgun íbúða á næstu fimm árum

Uppbyggingarsvæði	Líkleg fjölgun íbúða í lok árs				
	2024	2025	2026	2027	2028
Breiðumýri	84	50	34	50	34
Kumlamýri	12	9	5		
Víðiholt	70				
Krókur		26	16	10	
Samtals	166	85	55	60	34

- Í lok árs 2024 verði flutt inn í 40% af nýju húsnæði og íbúafjölgun um 17% miðað við íbúafjölda í dag
 - íbúafjöldi 2978 íbúar
 - leikskólabörn 173 börn (háspá 191)
 - grunnskólabörn 471 börn (háspá 484) (ATH um 28 börn eru í grunnskóla utan Álfтанess)
- Í lok árs 2025 verði flutt inn í 20% til viðbótar af nýju húsnæði og íbúafjölgun þá 27% miðað við íbúafjölda í dag
 - íbúafjöldi 3208 íbúar
 - leikskólabörn **186 börn (háspá 214)**
 - grunnskólabörn 507 börn (háspá 528)
- Í lok árs 2026 verði flutt inn í 15% til viðbótar af nýju húsnæði og íbúafjölgun þá 33% miðað við íbúafjölda í dag
 - íbúafjöldi 3356 íbúar
 - leikskólabörn 195 börn (háspá 229)
 - grunnskólabörn **530 börn (háspá 556)**
- Í lok árs 2027 verði flutt inn í 15% til viðbótar af nýju húsnæði og íbúafjölgun þá 39% miðað við íbúafjölda í dag
 - íbúafjöldi 3518 íbúar
 - leikskólabörn 204 börn (háspá 245)
 - grunnskólabörn 556 börn (háspá 587)

- Í lok árs 2028 verði flutt inn í 10% til viðbótar af nýju húsnæði og íbúafjölgun þá 43% miðað við íbúafjölda í dag
 - íbúafjöldi 3610
 - leikskólabörn 209 börn (háspá 254)
 - grunnskólabörn 570 börn (háspá 604)

Eins og sést að ofan er ljóst að stækkun á leikskólahúsnæði þarf að vera tilbúin í lok árs 2025. Þá liggur fyrir að stækkun á grunnskólahúsnæði þyrfti að vera tilbúin árið 2026. Gert er ráð fyrir fjármagni til uppbyggingar á leik- og grunnskólum árið 2025 og stendur yfir undirbúningur þessara framkvæmda og nánari útfærsla á þeim sem verður svo kynnt sérstaklega.

Umferðarmál

Unnin var umferðargreining þegar skipulagsvinna vegna miðsvæðis var í vinnslu (Breiðumýri, Kumlamýri, Krókur og Þórukot) þar sem fram kemur að götur og vegir á Álftanesi ráði vel við þá umferð sem hlýst af auknu byggingarmagni. Þar var að vísu ekki gert ráð fyrir Víðiholti. Í svari við athugasemd sem gerð var við Víðiholt, kemur fram að það sé mat Garðabæjar að það sama eigi við þó Víðiholtið bætist við.

Einnig hafa verið skoðaðar umferðaröryggisaðgerðir á Álftanesi og þá sérstaklega í kringum skólann, gerð hefur verið ferðavenjukönnun skólabarna sem er hluti af umferðaröryggisáætlun Garðabæjar og unnið er eftir til að bæta öryggi.

Umferðaröryggi er í stöðugri skoðun og sérstaklega í kringum skóla. Ekki hefur verið ákveðið að setja gönguljós við Breiðumýri en þau eru góður kostur þar sem umferð er um 8000 bílar á dag. Upphækkaðar og vel sýnilegar gangbrautir verða settar á Breiðumýri til að bæta umferðaröryggi gangandi vegfarenda og metið verður hvort þörf er á gönguljósum.